

## Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 22. fundar  
Reykjavík 19. nóvember 2010

Föstudaginn 19. nóvember 2010 var haldinn tuttugasti og annar fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Jón Gnarr	Reykjavík
Guðrún Pálsdóttir	Kópavogi
Guðríður Árnadóttir	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Erling Ásgeirsson	Garðabæ
Guðmundur Rúnar Árnason	Hafnarfirði
Hallgrímur Hallgrímsson	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Haraldur Sverrisson	Mosfellsbæ
Pálmi Mátsson	Álftanesi
Kristinn Guðlaugsson	Álftanesi
Adam Finnsson	Kjósarhreppi
Guðný G. Ívarsdóttir	Kjósarhreppi
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Stefán Eiríksson	Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH)

Áheyrnarfulltrúar voru Haukur Harðarson frá björgunarsveitum á svæðinu og Gísli Friðriksson frá RKÍ. Auk þess sátu fundinn þau Birgir Finnsson og Margrét María Leifsdóttir frá SHS, Egill Bjarnason frá LRH og S. Björn Blöndal frá Reykjavíkurborg.

Fundarstjóri: Jón Gnarr.

Fundarritari: Birgir Finnsson.

### 1. Kosning formanns og varaformanns.

Tillaga um Jón Gnarr sem formann og Guðmund Rúnar Árnason sem varaformann.

*Afgreiðsla:* Samþykkt.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð síðasta fundar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 21. fundar almannavarnanefndar 21. maí 2010.

*Afgreiðsla:* Engar athugasemdir

### 3. Starfsáætlun AHS 2010 til 2011

Starfsáætlun AHS 2010 til 2011 var samþykkt á síðasta fundi, af þáverandi almannavarnanefnd. Jón Viðar fór yfir starfsáætlunina með nýrri almannavarnanefnd og framvindu mála.

Eftirfarandi lagt fram:

- Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins, starfsáætlun 2010 til 2011, maí 2010.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### 4. **Staða á áhættumati sveitarfélagana**

Margrét María gerði grein fyrir stöðunni á áhættumati sveitarfélagana, framhaldinu á þeirri vinnu og aðkomu sveitarfélagana.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### 5. **Kynning á almannavörnum í hverju sveitarfélagi fyrir sig**

Jón Viðar lagði til að hvert sveitarfélag fengi til sín kynningu á almannavörnum.

*Afgreiðsla:* Forsvarsmenn sveitarfélagana munu hafa samband við Jón Viðar.

Fundi slitið kl. 09.00.

**Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.**

*Fylgiskjöl:*

- Fundargerð 21. fundar almannavarnanefndar 21. maí 2010.
- Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins, starfsáætlun 2010 til 2011, maí 2010.